

Af hverjum rúmmetra greiðist allt að ákveðnum hundraðshluta byggingakostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	4,2%
Raðhús og tvíbýlishús .....	3,0%
Fjölbýlishús .....	2,2%
Atvinnuhúsnæði .....	1,5%

Rúmmál er hér reiknað með sama hætti og samkvæmt 2. gr.

## 13. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 12. gr. miðast við byggingakostnað á þeim tíma sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram.

Gatnagerðargjald samkvæmt 12. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdir við tiltekna götu eða götukafli er lokið. Bæjarráð setur nánari reglur um greiðsluskilmála hverju sinni.

## 14. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 með áorðnum breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

7. júní 1984

Nr. 275

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinasstöðvar Íslands nr. 165/1984.**

## 1. gr.

2. gr. orðist svo:

Fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum, sem unnin er á vegum stöðvarinnar kr. 270.

## 2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinasstöð Íslands, öðlast gildi frá og með 15. júní 1984 að telja.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júní 1984.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*